



# BAUTASTEINN

Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands  
1. tölublað 16. árgangur maí 2011





## ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:

hleðslukassi úr áli  
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225

Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm

Þyngd: 38 kg

## BIKAB flokkunar- gámar



-Flokkun  
úrgangs

-Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð

-Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylíni

-Lokur úr áli

-Klæðning: dökkgræn

## Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

## K-60 Dreifari f / salt & sand



-Rúmmál: 60 lítrar

-Dreifibreidd: 0,6 m

-Þyngd 31 kg

-Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.

Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

## RölTec vatnspóstar



## Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant

til í meðfylgjandi stærðum:

65 x 30 cm ferhyrndur

60 x 40 cm ferhyrndur

40 x 30 cm ferhyrndur

50 x 30 cm rúnnaður

# Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

[www.bentzenas.no](http://www.bentzenas.no)

# Aðfaraorð



Þórsteinn Ragnarsson  
formaður Kirkjugarða-  
sambands Íslands.

„Hverjir stjórna kirkjugörðum landsins?“ Þetta er algeng spurning og margir fyrirspyrjendur álíta að rekstur kirkjugarða sé alfarið á höndum sveitarfélaga og/eða ríkis en svo er ekki. Í lögum um kirkjugarða er tíundað hverjum sé falið þetta hlutverk. Þar segir að hver kirkjugarður sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófests (í Reykjavík prófesta) og biskups. Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi hefur á

hendri umsjón og fjárhald kirkjugarðs og er hún nefnd kirkjugarðsstjórn. Kirkjugarðsstjórnirnar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til málefna kirkjugarða tekur. Kirkjusöfnuðum landsins er sem sagt falin þessi ábyrgð.

Kirkjugarðastjórnirnar hafa síðan stofnað Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) sem fer með sameiginleg málefni kirkjugarða gagnvart stjórnvöldum. Þessi sameiginlegu málefni eru aðallega fjármál þar sem ríkið er viðsejandi og réttindi og skyldur kirkjugarða varðandi ýmsar framkvæmdir en þar eru sveitarfélögin viðmælandi. Forskrift þessara samskipta er skráð í lög, reglugerðir og samninga sem gerðir hafa verið.

Tekjur kirkjugarða koma að mestu leyti frá ríkinu og þar liggur til grundvallar sérstakur samningur og gjaldalíkan um útreikninga á framlagi ríkisins. Á hverju ári rýna embættismenn í fjármálaráðuneyti í samninginn sem gerður var milli kirkjugarðaráðs og ríkisins og reikna út á grundvelli

gjaldalíkans hvaða upphæð hangir á spýttunni. Undanfarin þrjú ár hafa þessar útreiknuðu tekjur verið skertar vegna fjárhagsvanda ríkissjóðs eftir hrun bankanna. Sú skerðing er farin að hafa veruleg áhrif á starfsemi kirkjugarða.

Eins er með samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða. Þau eru einnig skráð í lög og sérstakar viðmiðunarreglur hafa verið settar um skyldur beggja aðila varðandi framkvæmdir við kirkjugarða. Kirkjugarðastjórnir og fulltrúar viðkomandi sveitarfélaga gera fjárhags- og framkvæmdaáætlun a.m.k. eitt ár fram í tímann um framkvæmdir sem sveitarfélögin eiga að koma að skv. lögum.

Samskipti þessara aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga annars vegar og kirkjugarða hins vegar, hafa gengið vel á undanförunum árum. Á árunum 1995-2000 fór mikill tími í það hjá stjórn KGSÍ að sannfæra stjórnvöld um að framlagi ríkisins til kirkjugarða væri vel varið. Á næstu árum, þ.e.a.s. á árunum eftir 2011, er því spáð að hagur ríkisins vænkist. Þá verður það hlutskipti stjórnar KGSÍ og embættismanna ríkisins að reikna upp gjaldalíkanið sem í gildi er og uppfæra það. Það er von undirritaðs að kjörnir fulltrúar okkar á Alþingi og embættismenn viðkomandi ráðuneyta muni, þegar þrengingatímabili lýkur, bera það traust til starfsmanna kirkjugarða að ekki komi til þess að illa hirtir kirkjugarðar og jafnvel niðurniddir þurfi að blasa við til að eðlilegt rekstrarfé fái til kirkjugarða.

Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

## BAUTASTEINN

### Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

### Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

### Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi  
Sími: 585 2700, Fax: 585 2701  
www.kirkjugardar.is

### Ritstjórn:

Smári Sigurðsson  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
Sigurjón Jónasson

### Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:

Hulda G. Geirsdóttir

### Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumyndin:  
Skarðskirkjugarður í  
Landssveit.

Ljós.: Guðmundur Rafn Sigurðsson.

# Metnaður og væntumþykja

## *Kirkjustaðurinn Skarð í Landsveit heimsóttur*



*Skarðskirkja, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni.*

Skarð í Landsveit er eitt stærsta bú landsins, staðsett í nágrenni hinnar mikilfenglegu Heklu og kirkjustaður í margar aldir. Samkvæmt elstu heimildum hefur þar staðið kirkja síðan um 1200. Kirkjan var bændakirkja til ársins 1917. Árið 1877 var Skarðsbærinn færður þar sem landeyðing, sandfok og uppfylling bæjarlækjarins af hans völdum hafði gert ábúendum erfitt fyrir og hefur bærinn staðið á sama stað síðan, auk þess sem kirkjan var færð tveimur árum síðar, en það var Jón Árnason sem flutti kirkjuna og stóð að byggingu þáverandi kirkju. Sama ættin hefur búið í Skarði frá því um 1850 og hefur heimilisfólki ávallt verið annt um kirkjuna og hennar umhverfi. Útsendari Bautasteins gerði sér ferð í Landsveitina og hitti þar húsmóðurina Sigríði Theodóru Sæmundsdóttur sem fræddi gestinn um kirkjuna og kirkjugarðinn ásamt því að bjóða upp á kaffi að hætti húsráðenda.

### **Umhugað um kirkjuna og garðinn**

Jafnan hefur verið gestkvæmt í Skarði og mikill fjöldi fólks sem tengist staðnum, ýmist fjölskylduböndum eða sem fyrrum vinnufólk. Að sama skapi eru margir sem hugsa hlýtt til kirkjunnar á staðnum og skartar hún fallegum gjöfum sem velunnarar Skarðs hafa látið henni í té. Að sögn Sigríðar Theodóru, eða Dóru eins og hún er jafnan kölluð, er fyrsta skráning grafartektar í kirkjugarðinum frá 1879 þegar Álfheiður Þórðardóttir var jarðsett þann 21. júlí. Sama ættin hefur búið á jörðinni frá 1850 og var tengdafaðir Dóru, Kristinn Guðnason eldri, ábúandi þegar hún kom þangað fyrst sem unnusta Guðna sonar hans. „Kristni eldri, tengdafaður mínum, var alltaf mikið umhugað um kirkjugarðinn og hann passaði upp á að garðurinn væri vel hirtur sem og kirkjan. Þessi metnaður hefur haldist í fjölskyldunni og við berum virðingu fyrir kirkjunni og hennar umhverfi. Það hefur t.d. alltaf verið regla að hér sé ekki verið að vinna eða slá á meðan á útför stendur,“ segir Dóra.



*Séð yfir kirkjugarðinn.*



*Mæðgurnar Helga Fjola og Sigríður Theodóra á kirkjutröppunum.*





*Hleðslan myndar fallega umgjörð um sálhliðið.*

Núverandi kirkja var byggð þegar Kristinn eldri og Sigríður Einarsdóttir kona hans voru á sínu öðru búskaparári 1931. Leit að var til húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar, um að teikna kirkjuna sem hann og gerði. Kirkjan er að mörgu leyti frábrugðin hefðbundnum sveitakirkjum þótt hún sé bárujárnsklædd timburkirkja. Turninn er breiðari en vant er og á honum valmabak, auk tveggja burstsettra gluggapara framan á turninum. Kirkjan er ljósgrá að lit og með dökkgráu þaki, ólíkt flestum íslenskum sveitakirkjum sem yfirleitt eru með rauðu þaki og ljósum útveggjum. Kirkjan í Skarði var einu sinni máluð í takt við aðrar kirkjur og það vakti ekki mikla lukku að sögn Dóru. „Nei, menn voru nú ekki sáttir við það og ég man eftir að Hákon heitinn mágur minn kom eitt sinn hér heim og spurði þabba sinn hvort hann væri nú alveg genginn af göflunum að mála kirkjuna svona rauða!“ Rauði liturinn varð því ekki langlífur á Skarðskirkju og í dag er hún máluð í upprunalegu gráu litunum.

#### **Silfurstjörnur tákna jólanóttina**

Að innan er kirkjan afskaplega hlýleg og falleg. Loftið veur sérstaka eftirtekt en það er listað dökkblátt með silfurlitum stjörnum sem sagðar eru tákna jólanóttina, en algengara er að slíkar stjörnur séu gylltar. Altaristafla, skírnarfontur og útskornir timburstjakar eftir Ríkharð Jónsson eru minningargjafir sem setja persónulegan og hlýlegan svip á kirkjuna. Skírnarfonturinn er t.d. gjöf frá Árnýju Filippusdóttur í Hveragerði til minningar um foreldra hennar. Fontinn skreytir útsaumud mynd sem Árný teiknaði sjálf og telst til „nævisma.“

#### **Hekla góð við granna sína**

Hin mikilfenglega Hekla er næsti nágranni Skarðsbænda og einhverjir gætu haldið að af henni stæði ógn en eins og Kristinn Guðnason yngri sagði eitt sinn við blaðamann þá er Hekla góð við nágranna sína og tekur Dóra móðir hans undir það. „Hér hafa ekki orðið nein tjón eða miklar búsjfjar vegna eldgosa og það sem meira er að í jarðskjálftunum sem hafa orðið á Suðurlandi undanfarin ár hefur ekkert tjón orðið heldur, „ekki einn steinn hreyfst,“ segir Dóra.

#### **Falleg hleðsla**

Hleðslan í kringum kirkjugarðinn veur sérstaka athygli enda vönduð og vel gerð. Elsta hlutann hlóðu nokkrir bændur í sókninni árið 1922 og nýttu til þess efni úr nágrenninu. Þessari hleðslu hefur verið vel við haldið og hlaðið áfram í sama stíl þegar garðurinn var stækkaður 1962. Skemmtilegt er hvernig hleðslan hefur verið útfærð að sálhliðinu þar sem hlaðið er upp að hliðinu á óhefðbundinn hátt. Sálhliðið hannaði Magnús Arnason.

Dóra hlaut fálkaorðuna árið 2002 og segir í gríni að kannski hafi það verið fyrir störf hennar að varðveislu Skarðskirkju og kirkjugarðsins, „ja, ekki var það fyrir húsmóðurstörfin!“ segir hún og hlær. Blaðamann grunar þó að margt komi til þegar slík sómakona er heiðruð enda full ástæða til að þakka þeim sem byggt hafa sveitir landsins og lagt fjölbreyttum málefnum lið auk þessa að setja svip sinn á mannlífið.



*Séð inn kirkjuna, silfurstjörnunar þrýða loftið.*



*Skírnarfonturinn er minningargjöf, skreyttur útsaumsmynd eftir Árnýju Filippusdóttur.*

### **Mikil væntumþykja**

Umsjón með kirkjunni hefur Helga Fjóra Guðnadóttir dóttir Dóru og greinilegt að henni þykir ekki síður vænt um kirkjuna sína en móður hennar. Þær eru sammála um að fjölskyldan öll vilji vernda og hlúa að kirkjunni og garðinum. Dóra segir það sama eiga við um fólkið í sveitinni og marga sem henni tengjast. „Það er ótrúlegasta fólk sem vill hvíla hér og margir sækja í kirkjuna. Hér er fermt, gift og jarðað, auk hefðbundins messuhalds.“ Umsjón með garðinum hafa t.d. hjón nokkur sem eru ættuð úr sveitinni og eiga sumarhús á svæðinu.

### **Reksturinn gengið vel**

Rekstur kirkjugarðsins hefur alltaf gengið vel og m.a. stofnaði Sigríður Einarsdóttir sérstakan sjóð til minningar um Kristinn Guðnason eldri, eiginmann sinn, á sjötíu ára afmælisdegi hans og hefur ávallt verið fé í þeim sjóði, auk þess sem garðurinn

fær hefðbundin framlög. Aldrei hefur því þurft að fjármagna framkvæmdir með lánsfé eða öðru slíku. Dóra segir ljóst að stækka þurfi garðinn í framtíðinni auk þess sem brýnt sé að bæta aðstöðuna við kirkjuna, en þar er hvorki salerni né búningstaða eins og oft vill vera í gömlum sveitakirkjum. „Við þyrftum að hafa hér safnaðarheimili ef vel ætti að vera,“ segir Dóra og einhvern veginn efast blaðamaður ekki um að það muni rísa með tíð og tíma enda kraftmikið fólk í Skarði og sókninni allri sem hingað til hefur ekki látið stoppa sig í stórhuga framkvæmdum, sbr. kirkjubýgginguna sjálfa á sínum tíma og endurgerð og viðhald hennar síðar.

Við þökkum ánægjulega stund í Skarði þar sem vel hirtur kirkjugarðurinn og hlýleg kirkjan hafa heillað gestinn ásamt góðu spjalli við heimilisfólkið sem svo greinilega virðir staðinn og umhverfi hans.

Þorkell Gunnarsson skrudgarðyrkjumeistari hjá Lystigörðum ehf. heimsótti Skarðskirkjugarð á haustdögum í fyrra og segir upplifunina hafa verið einstaka: „Ég hef sjaldan orðið fyrir svo róandi áhrifum á manngerðum stað. Þetta jafnaðist fyllilega á við reynsluna frá áhrifaríkustu gördum Japans.“

Eins og þar, er erfitt að átta sig á því hvað veldur þessum hughrifum, ég geri mér þó í hugarlund að það sé td. þetta jafnvægi milli steina/hleðslu og gróðurs og þá helst þekjandi gróðurs svo sem grass og mosa, síðan allt að öldugangi í grasfletinum sem upplyft leiðin mynda. Umhirðunni er líka greinilega sinnt af natni og tilfinningu fyrir feegurð þeirri sem staðurinn býr yfir. Hleðslan vekur upp ævafornar tilfinningar, en verklagið minnir á elstu hleðslur hér á landi t.d. í Berserkjahrauni á Snæfellsnesi, sem eru taldar nálægt 1000 ára. Það er næstum eins og maður sé staddur í einni af náttúruperlum Íslands.“





*Skarðskirkjugarður á fallegum haustdegi.*



*Mosavaxin hleðslan virðist ævafor.*

# Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifar: Barokkmeistarinn í Bjarnastaðahlíð

Í grein sem og skrifaði í *Bautastein* árið 2008 nefndi ég að vert væri að gera grein fyrir ævi og verkum Guðmundar Guðmundssonar sem kenndur er við Bjarnastaðahlíð í Vesturdal í Skagafirði. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2008-2009* birtist svo grein eftir mig sem nefndist „Ágrip af sögu minningarmarka og steinsmiði á Íslandi frá öndverðu fram á 20. öld“ þar sem ég fjallaði að nokkru um ævi og steinsmiðaverk Guðmundar. Byggir þessi pistill hér mjög á þeirri grein. Guðmundur í Bjarnastaðahlíð hefur verið kallaður hagasti listasmiður sinnar tíðar á Íslandi og barrokkmeistari. Hann var enda lærður útskurðarmaður og ber handbragð hans og kunnátta af þeirri alþýðuskurðlist sem stunduð var af annars högum útskurðarmönnum íslenskum á 17. öld.<sup>1</sup>

Heimildir um ævi Guðmundar eru nokkuð slitróttar. Hann var sonur hjónanna í Bæ í Borgarfirði, Guðmundar lögréttumans þar Guðmundssonar og Helgu Jónsdóttur prests í Stafholti Egilssonar. Faðir Guðmundar lögréttumans var Guðmundur Hallsson lögréttumaður í Norðtungu. Fæðingarár Guðmundar smíðs er ekki vitað en föður sinn missti hann árið 1618 þegar hann og sex aðrir drukknuðu úti fyrir Seltjarnarnesi. Mikið fyrr getur Guðmundur ekki hafa verið fæddur því með vissu er hann á lífi 1681 og bendir ýmislegt til að hann hafi unnið nokkuð lengi eftir það. Þrátt fyrir sviplegt fráfall Guðmundar lögréttumans komst fjölskyldan þó vel áfram enda allvel stæð. Þrír bræður Guðmundar lærðu til prests og tveir aðrir urðu mætir lögréttumenn. Ekkert hefur því verið í vegi þess að Guðmundur sigldi utan til að mennta sig í snikkaraíð. Ekki er vitað hvenær Guðmundur sigldi utan en með vissu er hann kominn út hingað aftur 1647. Um þær mundir var Brynjólfur biskup Sveinsson að leggja drög að smíði nýrrar Skálholtsdómkirkju og var Guðmundur ráðinn forsmiður að henni.<sup>2</sup> Í Skálholti er talið að Guðmundur hafi verið í átta ár og unnið þar að ýmsum smíðum og skreytingum í kirkjunni. Líklegt er að Guðmundur hafi flust til Norðurlands þegar það ár en Kristján Eldjárn getur þess að Jón Espólin telji hann meðal heldri manna í Skagafirði árið 1656 og kenndi hann þá við Bjarnastaðahlíð. Guðmundur kemur þó ekki við skjallegar samtímaheimildir frá því í Skálholti 1655 þar til hann er til-

nefndur þingvottur á þriggja hreppa þingi í Skagafirði árið 1677. Um ástæður þess að Guðmundur flutti norður í land er ekki vitað með neinni vissu en líklegasta skýringin er sú að hann hafi verið fenginn norður til að vinna að ákveðnu verki og ílengst þar. Þá hefur verið sagt að Guðmundur hafi byggt Mælifellskirkju og vera má að þar sé að leita ástæðu norðurfarar hans. Víst er að Guðmundur hafði frá upphafi náði samband við þá Hólamenn, einkum Gísla biskup Þorláksson og Ragnheiði Jónsdóttur konu hans.<sup>3</sup> Hefur Guðmundur enda verið kallaður „hirðsmiður Hólastóls“. Guðmundur átti Halldóru Guðmundsdóttur lögréttumans Kolbeinssonar sem var bartskeri Guðbrands biskups. Munu þau hafa átt sjö börn og fjölda niðja.<sup>4</sup> Lengur verður ekki dvalist við æviatriði Guðmundar frá Bjarnastaðahlíð. Um dánardag hans verður ekkert sagt með vissu en hann mun látinn þegar manntalið er tekið 1703.<sup>5</sup>

Verk Guðmundar eru fjölmörg og um leið fjölbreytt; kirkjubyggingar, útskurður í tré og steinhögg. Ekki verða öll verk Guðmundar talin hér heldur aðeins staðnæmst við steinsmiðaverk hans. Kristján Eldjárn telur í þætti sínum upp tuttugu verk sem Guðmundi eru þar eignuð og er vísað til þeirrar skrár.<sup>6</sup> Svo vill til að elsti gripurinn sem með vissu er gerður af Guðmundi er legsteinn úr gamla kirkjugarðinum í Gunnarsholti. Hann var settur Solveigu Einarsdóttur húsfúru í Gunnarsholti sem lést 1640. Solveig átti Ólaf bónda í Gunnarsholti Árnason.<sup>7</sup> Steininn er nú á Þjóðminjasafni (Þjms. 9124). Mynd er af steininum í bók Kristjáns og er lýsing á honum í skrá hans um verk eignuð Guðmundi. Legsteinninn er annað tveggja verka sem Guðmundur merkir sér en hitt er skírnarfonturinn á Hólum sem síðar verður getið stuttlega. Á steininum stendur: GVD MVNDUS GVD MVNDIUS / SCVLPSIT eða Guðmundur Guðmundsson meitlaði. Annan legstein má með nokkurri vissu eigna Guðmundi enda á nálægum stað og frá sama tíma og steinn Solveigar. Sá steinn er úr kirkjugarðinum í Teigi í Fljótshlíð og settur yfir Jón Guðmundsson (d. 1640). Um steininn segir Kristján Eldjárn að „...sökum skrautverks, stafagerðar og alls yfirbragðs tvímælalaust er verk sama manns...“<sup>8</sup>

1. Sjá Gunnar Bollason: „Ágrip af sögu minningarmarka og steinsmiði á Íslandi frá öndverðu fram á 20. öld“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2008-2009*, Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík 2010, bls. 5-41. Um ævi og verk Guðmundar sjá Kristján Eldjárn: „Íslenskur barrokkmeistari. Um Guðmund Guðmundsson smíð í Bjarnastaðahlíð“, *Stakir steinar. Tölf minjapættir* [hér eftir *Stakir steinar*], Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 1961.
2. Kristján Eldjárn: *Stakir steinar*, bls. 135-137.
3. Sama heimild, bls. 147.
4. *Gagnagrunnurinn Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>. Guðmundur Guðmundsson f. um 1605
5. Kristján Eldjárn bendir á að í annálum sé þess getið að tengdafaðir Guðmundar, Guðmundur Kolbeinsson, hafi dáið í Bjarnastaðahlíð hjá dóttur sinni og tengdasyni 1681. Sjá *Staka steina*, bls. 142.
6. Sama heimild, bls. 165-171.
7. *Gagnagrunnurinn Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>. Solveig Einarsdóttir f. 1589.
8. Kristján Eldjárn: *Stakir steinar*, bls. 156.





Hluti legsteins Þorláks biskups Skúlasonar sem talinn er meitlaður af Guðmundi frá Bjarnastaðarhlíð. Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.



Legsteinn Halldóru Guðbrandsdóttur biskups Þorlákssonar sem margt bendir til að sé verk Guðmundar. Ljós.: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason.

Það er vitað að Guðmundur „elsti“ Guðmundsson (um 1600–1648), bróðir Guðmundar í Bjarnastaðahlíð, var prestur til Fljótshlíðarþinga og sat á Kirkjulæk.<sup>9</sup> Jón sá sem legsteinninn er yfir hefur að öllum líkindum verið bróðursonur Guðmundar smíðs og dáði barn að aldri árið 1640. Síra Guðmundur og kona hans Málfríður Björnsdóttir áttu síðar annan dreng sem skírður var Jón, líklega eftir látnum bróður sínum. Sá varð síðar bóndi á Brekkum í Holtum og samkvæmt manntalinu 1703 hefur hann verið fæddur 1643, um þremur árum eftir lát bróður síns.<sup>10</sup> Það virðist einsýnt að á yngri árum hafi Guðmundur smíður dvalist hjá bróður sínum á Kirkjulæk og þegar náð mikilli færni í steinhöggi og skrautdrætti. Hefur hann verið fenginn til þess að gera legsteininn yfir bróðurson sinn og Solveigu en hún og Málfríður eiginkona síra Guðmundar voru systkinadætur. Solveig var dóttir Þrúðar húsfreyju á Strönd í Selvogi, síðar á Teigi, Magnúsdóttur lögréttumans í Stóradal í Djúpadal í Eyjafirði en Málfríður dóttir Björns bónda á Laxamáryri í Reykjahverfi Magnússonar í Stóradal.<sup>11</sup>

En víkjum að öðrum legsteinasmíðum Guðmundar. Kristján Eldjárn vitnar til skrifna Jóns Espólins og síra Jóns Steingrímssonar þar sem fram kemur að Guðmundur hafi höggvið út legsteina Þorláks biskups Skúlasonar, Gísla biskups sonar hans,

Jóns biskups Vigfússonar og Einars biskups Þorsteinssonar. Kristján Eldjárn taldi lítinn vafa leika á að steinar Jóns og Einars séu ekki eftir Guðmund þó að steinar Þorláks og Gísla væru vafalítið eftir hann. Í fyrrnefndri grein minni hef ég þó reynt að skjóta stoðum undir þá kenningu að svo hafi þó verið og verða þær vangaveltur ekki raktar hér.<sup>12</sup> Þá má telja nánast fullvist að Guðmundur hafi meitlað legstein Halldóru Guðbrandsdóttur á Hólum. Þegar unnið var við viðgerð Hóladómkirkju árið 1988 fannst legsteinn illa farinn og í fimm hlutum. Steinninn er úr Hólabyrðu og var settur Kristínu Þorláksdóttur sem lést 1682. Legsteinninn er vafalítið verk Guðmundar.<sup>13</sup> Af þeim fjölda grafarhellna sem upp komu úr kirkjugrunninum í Skálholti þegar þar var grafið verða engar með vissu eignaðar Guðmundi. Aðeins er þar einn legsteinn með áletrun úr íslensku efni. Það er legsteinn Odds biskups Einarssonar (d. 1630), vandað verk en stafagerð ólík þeirri sem er á legsteinum Guðmundar. Legsteinninn er úr blágrýti og leturgerð helst lík þeirri sem er á legsteini Magnúsar Arasonar sýslumans á Reykhólum (d. 1655) en sá steinn er í Reykhólakirkju og er meitlaður af mikilli list. Lýkur hér frá að segja steinhöggi Guðmundar Guðmundssonar í Bjarnastaðahlíð.

9. Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* [hér eftir ÍÆ], 2. bindi, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1949, bls. 144.

10. *Gagnagrunnurinn Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>. Guðmundur „elsti“ Guðmundsson f. um 1600.

11. *Gagnagrunnurinn Íslendingabók*, <http://www.islendingabok.is>. Solveig Einarisdóttir f. 1589 og Málfríður Björnsdóttir f. um 1605.

12. Kristján Eldjárn: *Stakir steinar*, bls. 136 og 154-155. Gunnar Bollason: „Ágrip af sögu minningarmarka“, bls. 15-17.

13. Kristján Eldjárn og Þorsteinn Gunnarsson: *Um Hóladómkirkju*, Hólanefnd, 1993, bls. 103.







skráin brotin upp með tónlistaratriðum og hafa þau sko ekki verið af verri endanum, K.K., Lay Low og fleiri hafa komið fram. Á miðju sumri er haldinn grilldagur og þá sjá starfsmenn sjálfir um skemmtiatriðin sem eru oft ansi skrautleg og skemmtileg. Að halda uppi góðri stemningu á vinnustað er lyklatríði því þá ganga aðrir hlutir betur og allt verður auðveldara. Þegar fyrirtæki verja 92 milljónum í vinnulaun er mikið til þess vinnandi að fá sem mest fyrir peninginn.

Þegar líður á sumarið fækkar starfsmönnum hratt en reynt er að halda sláttuhópum fullmönnum út sumarið. Síðan taka fastir starfsmenn við slættinum og reyna að halda í við sprettuna en það hefur nú ekki gengið vel síðustu ár þar sem gras hefur verið í fullum vexti langt fram á haust og garðarnir því verið loðnari en áður. Í október færast yfirleitt ró yfir og þeir átta garðyrkjumenn sem vinna hjá gördunum geta farið að sinna öðrum verkefnum. Hjá okkur í Gufunesi er þá gjarnan

tekið til við gróðursetningu, bæði á trjám og runnum og eins við trjáflutninga en við höfum náð góðum tókum á að flytja 6-7 metra háar aspir sem annars hefði þurft að saga niður þar sem plantað hefur verið þétt í upphafi. Í nóvember hefjast limgörð-isklippingar og að þeim loknum (eða ef taka þarf hlé á þeim vegna snjóá) förum við í krónuklippingar á stærri trjám. Gjarnan er dimmasti tíminn notaður í innvinnu eins og viðhald á bekkjum og öðru.

Einn af þeim verkþáttum sem koma inn á vetrum er snjó-mokstur og hálkueyðing og erum við alveg þokkalega tækjum búinir til þeirra verka með stóra snjótönn, snjóblásara og einnig saltara og sandara. Seinlegt getur verið að moka göngustíga þar sem ekki verður viðkomið stórum tækjum en við höfum leyst það með því að nota laufblásara og vélknúinn sóp og svo síðast farið yfir með handverkfærum. Í mars hefst svo hreinsun á jólas krauti og tekur sú vinna allt að þremur vikum fyrir 5-6 manns og er þá öll flokkun á skrautinu meðtalin og þá hjálpast garðyrkjumenn og grafar að.

Eitt er það verkefni sem er alltaf í gangi og klárast aldrei en það er sorpflokkun. Þó að hún geti á stundum verið dálítið sóðaleg og jafnvel leiðinleg þurfa allir starfsmenn að taka þátt því hægt er að spara háar fjárhæðir ef rétt er staðið að málum þar sem greiða þarf um 16 kr fyrir hvert kíló til förgunar. Þess má geta að frá KGRP fóru um 65 tonn af sorpi árið 2009 og inni í þeirri tölu er, vel að merkja, ekkert lífrænt efni því það fer allt í moltugerð. Auk þess fer stór hluti flokkaðs sorps í gjaldfrían flokk. Þegar birta fer í lok mars og byrjun apríl fer af stað götu-hreinsun og hreinsun úr beðum og biðin eftir sumarstarfsmönnum hefst.

*Heimir Janusarson*



**gardur.is**

Látið minninguna lifa um ókomna tíð á [gardur.is](http://gardur.is)! Birtið myndir og æviágrip af látnum ástvinum á [gardur.is](http://gardur.is). Nánari upplýsingar í síma 585-2700 og á slóðinni [www.gardur.is](http://www.gardur.is).

# Kirkjugarðar í fóstur

Grein úr 3. tbl. Fréttabréfs Ættfræðifélagsins 2010

Hvernig væri að taka kirkjugarð í fóstur? Snyrta leiðin, hreinsa steina, lyfta þeim upp og reisa við fallna krossa. Væri slíkt ekki verðugt verkefni fyrir áttahagafélög eða Ættfræðifélagið? Þótt sóknarnefndir starfi við kirkjur er afar víða pottur brotinn hvað kirkjugarða varðar og þekkingin ekki alltaf til staðar. Sömuleiðis þyrfti að skrá letur legsteina sem eru að verða veðrun að bráð.

Gamlar legstaðaskrár eru víða til, en samkvæmt Þórsteini Ragnarssyni forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, er skráningu gamalla leiða þó mjög víða ábótavant. Það sýndi sig þegar farið var að safna upplýsingum í garður.is. Reynslan sýnir þó að heimamenn vita mjög oft hvar gamlir ættingjar og sveitungar hvíla, þótt gröfin sé horfin eða letrið á steininum orðið máð og ólæsilegt.

Fréttabréfið hefur ekki heyrt um að kirkjugarðar séu teknir í fóstur hér á landi, en sjálfsagt mundi það bjarga miklum verð-

mætum, sérstaklega ef heimamenn sæu um að hreinsa og lyfta steinum. Samkvæmt Þórsteini mun þó vera afar sjaldgæft að gömlum steinum sé hent, og óþekkt að þeir séu muldir niður, eins og víða gerist erlendis. En mörg leiði hafa eðlilega horfið í aldanna rás þegar legsteinar sökkva í mold og gróður, þegar kynslóðirnar renna fram, minningarnar dofna og þekkingin dvín.

## Skráning í Svíþjóð

Í Svíþjóð hófst mikið átak í varðveislu legsteina sumarið 1979. Það var félagið Genealogisk Ungdom í Gautaborg sem hóf starfið, en það hefur frá 1987 verið á ábyrgð Sænska ættfræðifélagsins eða Sveriges Släktforskarförbund. Starfið byggir á sjálfboðaliðum sem taka kirkjugarða í fóstur.

Hingað til hafa 57 000 legsteinar verið skráðir, flestir þeirra eru frá því fyrir 1900. Markmið átaksins er að varðveita þær upplýsingar sem á steinunum standa. Í grein sem ber nafnið *Gravstenarna ska räddas till eftervärlden* í blaðinu Släkt Historiskt forum segir að umhirðu gamalla legsteina í Svíþjóð sé



*Fjöldi legsteina verður forgengileikanum að bráð nema eitthvað sé að gert. Hér er verið að lyfta gömlum steini og bjarga honum úr klóm gleyskunnar. Liggjandi steinar eru oft þaktir mosa og íslenska grágrýtið, sem algengast er á leiðum alþýðunnar, er blöðrótt og veðrast mun hraðar en granít og gabbró sem oft þrýðir grafir fyrirfólksins. (Ljósmynd Guðfinna Ragnarsdóttir). (Ljósmynd Guðfinna Ragnarsdóttir)*



*„Skyldi það koma í minn verkahring að lagfæra leiðið hennar langalangangömmusystur minnar, Þuríðar Vigfúsdóttur, sem ól Sigurbjörgu Guðbrandsdóttur langalangömmu mína upp? Langamma mín, Björg Þuríður, sem ég kynntist vel, hét í höfuðið á Þuríði.“ Skyldi hann Garðar Ingvarsson, 12 ára, vera að hugsa þetta þar sem hann stendur við leiði Þuríðar, sem fædd var 1827 og lést 1919. (Ljósmynd Guðfinna Ragnarsdóttir)*




mjög ábótavant. Þeim sé stillt upp við kirkjugarðsvegginn og síðan keyrðir burt og brotnir. Þetta eigi ekki aðeins við um nýlega steina, steina frá 20. öld, sem búnir eru til í verksmiðjum, heldur eigi þetta líka við um margra alda gamla steina sem bera ómetanlegar áletranir og sýna þar að auki handbragð liðinna kynslóða.

Þeir sem taka kirkjugarðana í fóstur fá eyðublöð til útfyllingar, en það er útbúið af sænsku ættfræðisamtökunum, Sveriges Släktforskarförbund. Þar eru skráðar allar upplýsingar um áletranir, staðsetningu, útlit og annað sem máli skiptir. Auk þess eru teknar ljósmyndir af öllum legsteinunum. Niðurstöð-

urnar eru varðveittar hjá sænsku ættfræðisamtökunum en þær eru einnig aðgengilegar á Netinu, í netblaðinu Rötter, og þar er farið inn á tengilinn *Gravsten-sök*.

Margar sóknir hafa komið sjálfboðaliðunum til hjálpar og láta þá vita þegar á að taka burtu legstein af gróf sem enginn sinnir lengur eða greiðir fyrir. Hægt er að sjá lista yfir alla þá kirkjugarða í Svíþjóð sem búið er að skrá eða sem eru í skráningu á slóðinni [www.genealogi.se/gravstenarna](http://www.genealogi.se/gravstenarna).

*Guðfinna Ragnarsdóttir*



## Bálfarabeidni skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar  
upplýsingar, kynnið  
ykkur málið!*

[www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



*Krossar og skilti á leiði  
Sendum um allt land  
Pöntunarsími 551 1266*



ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA EHF

Vesturhlíð 2 • Fossvogi  
Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

# Legsteinar - örlög og umhirða

*Grein úr 3. tbl. Fréttabréfs Ættfræðifélagsins 2010*

Allir sem komnir eru til fullorðinsára hafa lagt leið sína í kirkjugarða. Sumir til að leita leiða látinna ættingja og forfeðra aðrir til að skoða og njóta þessara fallegu garða með öllum sínum minningarmörkum og hinu kveðjum horfinna kynslóða. Legsteinar geta verið náma fróðleiks ekki sist gamlir steinar. Þar má lesa aldur fólks og barnafjölda, maka og búsetu. Hönnun steinanna sýnir einnig gamalt handverk og tiskusveiflur liðinna tíma. En hver verða örlög gamalla steina?

Hvar hvíla forfeður okkar? Eru legsteinar á leiðum þeirra? Hvað stendur á þeim? Slíkar spurningar leita á marga sem sinna ættfræði. Hinsta hvíla flestra er gröf í kirkjugarði, gröf merkt viðkomandi á krossi eða steini. Flestir eru grafnir í sinni heimabyggð en allur gangur er á því hvort legsteinar hafa verið settir á leiðin. Og hver hafa örlög gamalla steina orðið í aldanna rás?

Flestir legsteinar alþýðumanna eru úr íslensku grágrýti sem veðrast mjög hratt. Áletranirnar mást í árunna rás og erfitt getur verið að lesa textann þegar steinarnir eldast. Mosi og skófir þekja einnig marga gamla steina og gera áletranirnar illlæsilegar.

Vefur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma hjálpar mörgum í leit að legstöðum, þar er hægt að leita að gröfum í öllum kirkjugörðum landsins. Mikið vantar þó á að gömul leiði séu skráð þar. Það á einkum við um kirkjugarða á landsbyggðinni. Þar sem kirkjugarðar hafa verið fluttir um set eru oft aðeins skráðir þeir sem hvíla í nýrri garðinum. Reynslan sýnir líka að eiginkvenna er ekki alltaf getið þótt þær hvíli hjá vel merktum eiginmönnum sínum. Margur hefur líka reikað um kirkjugarða án þess að finna legstein eða kross þótt hann sé þess fullviss að þar hvíli forfeður hans.

## Hvaða reglur gilda?

En hvaða reglur gilda um grafir manna hér á Íslandi? Er gröfin „heilög“ og eign þess sem þar hvílir um aldur og eilífð? Eru ekki mörg dæmi þess að grafið hafi verið á ný í gömul leiði? Og hvaða reglur gilda um legsteina og krossa? Megum við eiga von á því að gamlir legsteinar séu keyrðir burt og brotnir eins og sagt er frá í greininni frá Svíþjóð? Hver annast viðhald steina og grafa og hver verða örlög þeirra í aldanna rás? Fréttabréfið leitaði svara hjá Þórsteini Ragnarsyni forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

–Um allt þetta gilda ákveðnar reglur, segir Þórsteinn. Hver gröf á sér 75 ára friðhelgi. Í reynd er sú friðhelgi mun lengri, því segja má að hvergi hafi verið endurgrafið í neina kirkjugarða á Íslandi allt frá landnámsöld. Sem dæmi má nefna að þegar graf-

irnar í gamla Víkurgarðinum í miðbæ Reykjavíkur fóru að rekast á var hafist handa við að útbúa Hólavallagarðinn. Landrymi hefur alltaf verið nægt hér á Íslandi.

## Minjavernd

–Aðstandendur bera ábyrgð á umhirðu grafa og þar er hverjum og einum í sjálfsvald sett hvort legsteinn, kross eða annað er sett á leiðið, en kirkjugarðarnir veita margskonar þjónustu sé þess óskað. Boðið er upp á að leiði séu tyrfð og blómabeð útbúin, sömuleiðis er sett mól eða sandur á leiði þar sem skuggi er mikill og sigin leiði eru lagfærð.

–Þar sem slíkt er mögulegt er leitast við að hafa einn tengilið innan ættingjahópsins við kirkjugarðana, svo kallaðan leiðishafa. Það kemur að sjálfsgöðu oft að því að erfitt verður að finna slíkan leiðishafa, stundum er komið allt að 5. kynslóð og ættartengslin eru farin að þynnast út. Þá sjá kirkjugarðarnir um leiðið.

–Hvað við kemur legsteinum þá falla allir legsteinar og önnur minningarmörk í kirkjugörðum undir minjavernd um leið og þeir eru orðnir 100 ára gamlir. Við höfum aldrei hent eða fargað neinum legsteinum, jafnvel þótt yngri séu, og þeim „heimilislausu“ steinum sem við höfum tekið til handargagns bæði í Hólavallagarði og í Fossvogskirkjugarðinum er raðað upp við vegg í gördunum.

## Götóttar legstaðaskrár

–Ég veit að víða í Evrópu eru gamlir legsteinar brotnir niður og malaðir og mulningurinn notaður í gangstíga. Þar er auðvitað oft mun minna landrymi og fólksfjöldinn annar og meiri.

Á vef Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma kemur fram að kirkjugarðarnir taka að sér lagfæringar á legsteinum og steypum reitum, gegn greiðslu, en öllum er velkomið að standa sjálfir að lagfæringum grafa.

Ef hætta stafar af minnismarki eða umbúnaði grafa, eða hann er til óprýði, á að gera umráðamanni grafarstæðisins aðvart. Ef það ber ekki árangur, eða ekki næst til hans, má fjarlægja umgjörðina eða minnismarkið. En sé minnismarkið uppistandandi eða umbúnaður legstaðisins í góðu ásigkomulagi skal ekki flytja það eða raska umbúnaði legstaðisins. Þetta gildir eins og áður sagði líka þótt 75 ára grafarfríðunin sé útrunnin.

–Hvað varðar legstaðaskrárnar, segir Þórsteinn, var mikill metnaður í byrjun og vonir stóðu til að hægt væri að ná meiri hluta allra skráðra leiða á öllu landinu. Þegar til átti að taka kom í ljós að víða var pottur brotinn í skrasetningunni og því hafa heimtur því miður verið mjög slæmar. Legstaðaskrárnar eru þess vegna mjög götóttar.

*Guðfinna Ragnarsdóttir*

## Úr bókinni Minningamörk í Hólavallagarði eftir Björn Th. Björnsson:

Ákvörðun og Fyrirskipan áhrærandi Reykjavíkur Dómkirkjugard, 5ta Júnii 1828.

„Það kirkjugarðurinn forni í Reykjavík er svo útgrafinn, að jafnaðarlega, og víðast hvar í honum þá grafir eru teknar, uppkoma heilar líkkistur og ófúinna manna beina Hrugur, hverjum af grafar barmi eptir að Líkið er niðurstett tjáist að vera varpað aftur í gröfina með aðsópsmeiri tiltektum en sambyður viðverandi Líkfylgdar kyrlátu sjón og Dauðlegleikans Umþeinkingu.....“



# LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira.

Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48

200 Kópavogur

sími 557 6677

[www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)

# Eyjafjallajökull

*Árhrif öskufallsins*



Sunnlenskir kirkjugarðar fóru margir hverjir illa út úr eldgosinu í Eyjafjallajökli fyrir ári síðan. Viða var mikið öskufall og sýna meðfylgjandi myndir dæmi um ástandið annars vegar á Eyvindarhólum og hins vegar í Ásólfskála. Flestar myndirnar tók Magnús Reynir Jónsson, auk þess sem Katrín Birna Viðarsdóttir sendi okkur myndir frá Ásólfskála. Hreinsunarstarf gekk sem betur fer vel víðast og nú ári síðar eru ummerkin lítil.








# Útfararsíðir breytast



## Bálförum fjölgar gríðarlega.

Árið 1995, fyrir 15 árum, fór fram 171 bálför frá bálstofunni í Fossvogi. Á Íslandi var fjöldi látinna þetta ár 1923. Hlutfall bálfara var því tæplega 9% af heildartölu látinna. Árið 2010 voru bálfarir 449 talsins og fjöldi látinna á landinu 2017. Hlutfallið það ár var því 22,3%. Þessi mikla fjölgun bálfara á ekki lengri tíma er gríðarleg breyting á útfararsíðum þjóðarinnar.

Hér má sjá þróun bálfara á Íslandi á árabílinu 1995 – 2010:



Hlutfall bálfara 1995-2009

Á höfuðborgarsvæðinu eru bálfarir um 40% af útförum. Ef við veltum fyrir okkur þróun bálfara næstu 15 árin (2010 – 2025) má gera ráð fyrir því að þeim fjölgi áfram jafnt og þétt. Mjög margar beiðnir um bálför liggja fyrir í tölvugrunni [www.gardur.is](http://www.gardur.is) og bíða þar til að andláti kemur. Ekki er ólíklegt að hlutfall bálfara árið 2025 verði komið í 40% á landinu öllu og um eða yfir 50% á höfuðborgarsvæðinu.

Ýmislegt er jákvætt við þessar breytingar. Grafarstæði fyrir kistu krefst sex sinnum meira landrýmis en duftgröf. Af þessu leiðir að frá sjónarmiði landnotkunar og viðhalds kirkjugarða eru bálfarir mjög hagkvæmur kostur. Ekki þarf að gera eins miklar kröfur til grafardýpis, grunnvatnsstöðu og frárennslis- aðstæðna í grafreitum fyrir duftker eins og í hefðbundnum grafreitum og eru þetta allt atriði sem gera duftgarða að ódýrum kosti miðað við kirkjugarða þar sem kistur eru jarðsettar. Fjölgun bálfara opnar möguleika á að taka aftur grafir í gömlum kirkjugörðum sem fullsettir hafa verið. Jafnvel er hægt að taka aftur í notkun fjölskyldugrafreiti og nýta þá kynslóð eftir kynslóð. Vert er að hafa í huga að gamlir kirkjugarðar eru oft á tíðum með fegurstu og friðsælustu stöðum í bæjum og það hefur sitt gildi fyrir viðhald garðanna og fegurð að þeir séu nýttir áfram. Talsvert er um að duftker séu lögð í leiði í kirkjugörðum og er ekkert því til fyrirstöðu ef fyrir hendi er leyfi vandamanna.



Af hálfu íslensku þjóðkirkjunnar hefur því ekki verið haldið fram að bálför stríði gegn kristinni trú. Bálför er, eins og jarðarför, meðhöndlun á líkamanum eftir andlát. Hún snýst hvorki um trú né kenningu. Hins vegar má halda því fram að bálför viki frá eldri kirkjulegri venju en þá er þess að gæta að venjur og siðir innan kirkjunnar hafa siður en svo verið óumbreytanlegir í aldanna rás.

#### Kistulagning - útför

Margt bendir til að kistulagningarbænin renni á næstu árum saman við útfararathöfnina eins og á hinum Norðurlöndunum. Sú þróun er hafin og eru ekki allir á eitt sáttir um ágæti hennar. Ljóst er að mörgum prestum þykir hagræði í því fólgið fyrir

sig og aðstandendur að hafa kistulagningarbænina skömmu fyrir útför til að nýta betur tíma og fækka ferðum. Bænin er þá gjarnan höfð 30 mínútum fyrir útför og tvær aðskildar athafnir breytast í eina kaflaskipta athöfn þar sem nánustu aðstandendur fara úr kistulagningarbæn inn í útförina. Margir prestar telja að kistulagningarbænin sé oft svo erfið fyrir aðstandendur að heppilegra sé að hafa þessar tvær athafnir aðskildar eins og verið hefur til að tryggja minna álag hjá þeim sem eiga um sárt að binda. Ef áfram heldur sem horfir í þessum efnum mun ekki langt um líða þangað til kistulagningarbænin eða „bænin“ eins og hún er oftast nefnd hverfi inn í útfararathöfnina og hinn sér-íslenski siður máist út.

## Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2770



# Kirkjugarðafrumvarpið frá 2006 og líkhúsin á Íslandi



Líkhúsið í Fossvogi tekur 70 kistur. Það hefur verið starfrækt í áratugi og þangað voru fluttir 72% þeirra sem létust á Íslandi árið 2010.  
Ljóm.: Arnfinnur R. Einarsson.

Á árinu 2005 vann 3ja manna ráðherraskipið nefnd við endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og skilaði hún tillögum sínum í nóvember það ár. Farið var yfir allan lagabálkinn og gerðar voru viðamiklar breytingartillögur á mörgum greinum laganna sem voru uppfærðar hver af annarri ef svo má segja. Segja má að ekki hafi verið farið heilstætt yfir þennan lagabálg í áratuga raðir. Við breytingarnar sem gerðar voru á lögum og tóku gildi 4. maí 1993 var aðallega verið að laga kirkjugarðalögin að samkeppnislögum sem tóku gildi 19. maí sama ár en lítið var farið í bein hagnýt atriði sem tilheyrðu faglegum hliðum kirkjugarða- og útfararmála. Að mati þeirra sem til þekkja voru breytingartillögur nefndarinnar löngu tímabærar og þess vegna kærkomnar fyrir land og lýð.

Í ársbyrjun 2005 tóku gildi nýjar lagagreinar um tekjur kirkjugarða en undanfari þeirra var ítarlegur samningur sem gerður var milli Kirkjugarðaráðs og ríkisins. Á miðju ári 2004 töfðust samningaviðræður um nokkrar vikur vegna ágreinings um gjald í líkhúsi. Ágreiningurinn fólst í því að samningamaður fjármálaráðuneytis hélt því fram að rekstur líkhúsa væri hluti af lögbundnum skyldum kirkjugarða og væri sá kostnaður innifalinn í framlagi ríkisins. Þessu voru samningamenn Kirkjugarðaráðs ekki sammála og bentu á að lögin heimiluðu

kirkjugörðum slíkan rekstur en skyldu þá ekki til þess enda væru aðeins um fjórir kirkjugarðar af 260 með slíkan rekstur og þessir fjórir kirkjugarðar sæu um 80% af þeim sem látast á Íslandi ár hvert. Þessum ágreiningi var af hálfu samningamanna Kirkjugarðaráðs vísað til dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra. Þess má geta að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðar Akureyrar höfðu þá um nokkurt skeið innheimt gjald í líkhúsi til að standa straum af þeim rekstri og var fagráðuneytinu fullkunnugt um það. Eftir að ráðherrarnir höfðu rætt málin var samningamálum framhaldið og samningur undirritaður 15. apríl 2005 af fjármálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og biskupi Íslands. Þeir kirkjugarðar sem ráku líkhús héldu áfram að taka gjald í líkhúsi eftir undirritun samnings og voru engar athugasemdir gerðar við það.

En víkjum aftur að frumvarpinu. Eftir meðhöndlun dóms- og kirkjumálaráðuneytis á tillögum nefndarinnar sem m.a. fólst í því að senda frumvarpið til Kirkjuráðs, Kirkjugarðaráðs og fleiri aðila sem að þessum málum koma, útbjó dóms- og kirkjumálaráðherra frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða sem lagt var fram á kirkjuþingi sem haldið var seinni hluta október 2006. Kirkjuþing lýsti í megindráttum stuðningi við frumvarpið og taldi flestar breytingar sem frum-



varpið gerir ráð fyrir tímabærar og þarfar. Kirkjubing lagði áherslu á að rekstur líkhúsa á Íslandi verði áfram í samfélagslegri umsjón, þ.e. að kirkjugörðum og heilbrigðisstofnunum verði með lagasetningu falin þessi þjónusta.

Dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað síðan að leggja frumvarpið fram á Alþingi og þess var gætt að það afgreiddi einnig ábendingar Umboðsmanns frá því í júlí 2006 um óskýrleika laganna varðandi gjaldtöku í líkhúsi. Venjulegt vinnulag var viðhaft innan ráðuneytanna, þ.e. að fagráðuneytið sendi fjármálaráðuneytinu frumvarpið til umsagnar með sérstöku tilliti til þess að athugað væri hvort það hefði útgjaldaáhrif. Frumvarpið hefur á engan hátt í för með sér neinar auknar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og hefði því átt að vera auðvelt fyrir embættismenn þar að veita því fararleyfi á Alþingi. En nú bar svo við að þau sjónarmið sem héldu því fram að rekstur líkhúsa væri lögbundnar skyldur kirkjugarða voru vaktar upp innan fjármálaráðuneytis og þar var talið að ekki væri hægt að samþykka heimild um gjaldtöku nema tryggt væri að tekjur af slíku gjaldi yrði dregið frá framlagi ríkisins til kirkjugarðamála. Þetta viðhorf var í andstöðu við álit embættismanna í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og lagaskrifstofu, sbr. skýringar með frumvarpinu sem fylgja þessari lagagrein en þar segir:

*„Samkvæmt lögum um kirkjugarða er þeim ekki skylt að hafa yfir kapellu eða líkhúsi að ráða. Með breyttum þjóðfélagsháttum og í hagkvæmniskyni hefur þróunin orðið sú í nokkrum fjölmennustu bæjarfélögum landsins að slíkar byggingar hafa verið reistar í kirkjugarði eða í tengslum*

*við hann, jafnvel þótt enn sé fyrir hendi geymsluaðstaða í sjúkrahúsum. Þessar líkgeymslur falla ekki undir lög bundið hlutverk kirkjugarðanna. Í Reykjavík háttar t.d. þannig til að allir útfararstjórar hafa aðgang að líkhúsi í Fossvogskirkjugarði, sem er í eigu hans. Eðlilega þarf húseigandi að hafa visst eftirlit og umsjón með líkgeymslunum. Þykir rétt að setja í lög ákvæði sem heimila að unnt verði að taka gjald fyrir þann kostnað er hlýst af rekstri geymslnanna og umsjón og eftirliti með þeim, en ekki fyrir stofnkostnaði við byggingu geymslunnar eða öðrum stofnkostnaði.*

*Nauðsynlegt þykir vegna eðlis líkgeymsla, s.s. út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þær verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starfrækslu líkgeymsla. Nauðsynlegt þykir að marka stefnu stjórnvalda um að líkhús verði aðeins rekin af heilbrigðisstofnunum og kirkjugarðsstjórnunum.*

*Af kirkjugarðsgjaldinu, eins og það hefur nú verið skilgreint í gjaldalíkani á sl. ári, er engum hluta þess ætlað að standa straum af rekstri kapellu eða líkgeymsla, heldur aðeins ætlað vegna töku nýrra grafa og við hirðu kirkjugarðanna.“*

Árið 2007 var það ætlun ríkisstjórnarinnar að opna fyrir einkavæðingu þjónustunnar með lagasetningu til þess að losna undan því að ríkissjóður legði fram fjármagn. Þessu mótmæltu stjórnir Kirkjugarðasambands Íslands og Kirkjugarða Reykja-



*Frumvarpið hefur verið rúmlega fimm ár að velkjast um í kerfinu. Það hefur ekki verið afgreitt vegna þess að ríkissjóður vill ekki greiða kostnað við rekstur líkhúsanna. (mynd frá Morgunblaðinu)*

## Þurrfrysting á Íslandi?

Það vakti mikla undrun þeirra sem starfa að kirkjugarðamálum þegar sex þingmenn lögðu fram frumvarp í mars síðastliðnum til breytningar á kirkjugarðalögum. Meginatriði frumvarpsins er að lögleiða svokallaða **þurrfrystingu** sem hefur verið í athugun í nokkrum löndum, m.a. í Svíþjóð. Nýjustu fréttir frá Svíþjóð herma að þar verði þessi aðferð ekki lögleidd og að þeir sem stóðu að tilraununum séu hættir þeim. Ekkert Norðurlanda hefur áhuga á að kynna þessa aðferð hvað þá að lögleiða hana. Vitanlega þurfa beytingar á þessu viðkvæma sviði mikillar umræðu við og mikla yfirvegun. Huga þarf að siðferðilega þættinum, þeim efnahagslega og einnig hvort slík aðferð hafi minni mengun í för með sér. Þingmennirnir telja greinilega að ekki þurfi að ræða þetta við þjóðina. Það væri undarlegt ef þetta frumvarp fengi brautargengi á Alþingi og yrði afgreitt þar hugsunarlaust - en hver veit?

### Komatsu Zenoah vélorf, keðjusagir og limgærðisklippur.

Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki



### Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sæskar, einstaklega notendavænar sláttuvélar




### Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.



Vetrarsól ehf.  
Askalind 4, Kópavogur  
Sími 564 1864 · Fax 564 1894  
Netfang vetrarsol@simnet.is



www.gudjono.is  
sími 511 1234

**GRÆNA**  
**prentsmiðjan**







*Rekstur líkhúss krefst húsnæðis, mannhalds og ýmiss konar tækja. Í líkhúsinu í Fossvogi er kælikerfi, skráningarkerfi og öryggiskerfi.  
Ljóm.: Arnfinnur R. Einarsson.*

víkurprófastsdæma ásamt Biskupsstofu með bréfi til forsætisráðherra haustið 2007 og afrit var sent til fjármálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra. Þá þótti sýnt að yrði frumvarpið að lögum í þeim búningi, sem fjármálaráðuneyti klæddi það, væri mjög líklegt að þjónustan færi yfir til útfararþjónustunnar og sett yrðu á laggirnar fjórar til fimm misstórar líkgeymslur á höfuðborgarsvæðinu og kirkjugarðarnir drægju sig út úr margra áratuga samfélagsþjónustu. Þess má geta að hin Norðurlöndin hafa ekki einkavætt líkhúsreksturinn. Danir munu hafa gert tilraun með það fyrir mörgum árum en fallið síðan frá því. Einkavæðing getur ekki átt rétt á sér einkavæðingarinnar vegna – það þarf nú sem fyrr að hafa hagsmuni fjöldans í huga, ekki má setja hagsmuni örfárra fram yfir almannaheill. Vonandi er betri skilningur á því eftir haustið 2008.

Frumvarpið var lagt fyrir þingið í mars 2008 og aftur í október sama ár og kallaði allsherjarnefnd eftir umsögn fagaðila í bæði skiptin en frumvarpið var ekki afgreitt og í seinna skiptið voru það risavaxin mál í þinginu sem höfðu forgang. Haustið 2008 skiluðu Kirkjugarðasambandið, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og biskupsstofa inn sameiginlegu álit og varðandi líkhúsmálin var þessu lýst yfir: „Vegna efnahagsástands þjóðarinnar hefur verið fallið frá þeirri tillögu að heimilað verði að innheimta gjald í líkhúsi. Engu að síður er lagt til að rekstur þessarar samfélagsþjónustu verði í lögum falin kirkjugarðastjórnnum og heilbrigðisstofnunum og síðar verði samið við rekstraráðila um endurgjald til að standa straum af kostnaði við gæslu og eftirlit.

Frumvarpið hefur ekki verið hreift frá haustinu 2008 og hefur það legið á lagaskrifstofu innanríkisráðuneytisins frá þeim tíma. Forystumenn kirkjugarðamála hér á landi eru sammála um að farsælasta lausnin sé sú að ríkið viðurkenni skyldur sínar. Með tilliti til þeirrar samfélagsþjónustu, sem nokkrir stærstu kirkjugarðar landsins hafa innt af hendi síðastliðna áratugi með rekstri líkhúsa má segja að það sé rökréttara að ríkissjóður viðurkenni þann rekstur með kostnaðarréttu framlagi en að kirkjugarðarnir taki upp aftur að innheimta sérstakt gjald hjá aðstandendum eða útfararstofum. Þetta er raunar sú

leið sem Kirkjugarðasamband Íslands lagði til við dóms- og kirkjumálaráðherra í bréfum dagsettum 15. október 2003 og 5. janúar 2004.

Mjög brýnt er að frumvarpið verði afgreitt við fyrsta tækifæri og hefur núverandi innanríkisráðherra talað um að það verði lagt fram á næsta haustþingi (2011) eftir nauðsynlega endurskoðun eftir að hafa velkst um í kerfinu í rúm fimm ár.

Það er tillaga okkar að rekstur þessarar samfélagsþjónustu verði með lagasetningu falin kirkjugarðastjórnnum og heilbrigðisstofnunum og felld verði úr frumvarpinu heimild um gjaldtöku í líkhúsi en í staðinn komi heimildarákvæði til fagráðuneytis að semja við rekstraráðilana um greiðslu fyrir þá þjónustu eftir umfangi rekstursins.

*Þórsteyn Ragnarsson, formaður KGSÍ.*

#### **Tilvitnanir í greinina:**

„Farið var yfir allan lagabálkinn og gerðar voru viðamiklar breytingartillögur á mörgum greinum laganna sem voru uppfærðar hver af annarri ef svo má segja.“

„Ágreiningurinn fólst í því að samningamaður fjármálaráðuneytis hélt því fram að rekstur líkhúsa væri hluti af lögbundnum skyldum kirkjugarða og væri sá kostnaður innifalinn í framlagi ríkisins.“

„Nauðsynlegt þykir vegna eðlis líkgeymsla, s.s. út frá heilbrigðissjónarmiðum, að um þær verði settar reglur og er því lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um stofnun og starfrækslu líkgeymsla. Nauðsynlegt þykir að marka stefnu stjórnvalda um að líkhús verði aðeins rekin af heilbrigðisstofnunum og kirkjugarðsstjórnnum.“

„Forystumenn kirkjugarðamála hér á landi eru sammála um að farsælasta lausnin sé sú að ríkið viðurkenni skyldur sínar.“

**AVANT**<sup>®</sup>  
LIPUR GRIPUR

**FRÁBÆRT FINNSKT  
FJÖLNOTATÆKI**

**TILVALIÐ VIÐ ÞRÖNGAR OG VIÐKVÆMAR AÐSTÆÐUR**



Lágur rekstrarkostnaður  
Lipur í akstri  
Örugg og þægileg í umgengni  
Vökvaknúinn í aldrifi  
Kraftmikill dráttarjálkur



**AVANT 528**

Disel

Hæð: 198 sm  
Breidd: 110 sm  
Þyngd: 1.150 kg  
Lyftihæð: 2,80 m  
Lyftigetá: 950 kg  
Hestöfl: 28



**AVANT 220**

Bensín

Hæð: 186 sm  
Breidd: 96 sm  
Þyngd: 620 kg  
Lyftihæð: 1,40 m  
Lyftigetá: 350 kg  
Hestöfl: 20

**Í BOÐI ERU HÁTT Í 100 VERKFÆRI**



**NB** [www.VBL.is](http://www.VBL.is)  
**LANDBÚNAÐUR** ehf.  
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-8600

AKUREYRI  
Óseyri 1  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



**Fjöl-smíð ehf**  
Líkkistuvinnustofa

Fjöl-smíð Líkkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á líkkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af líkkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktur.

Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opin er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað. Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greiftrun og brennslu.



**Fjöl-smíð líkkistuvinnustofa**  
Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði  
sími: 565-5775.  
Netfang: [fjolsmid@simnet.is](mailto:fjolsmid@simnet.is)  
Heimasíða: <http://www.uth.is>



# Vöndum til verka

Við andlát er að mörgu að hyggja og margir koma að „ferðalagi“ látinna með einum eða öðrum hætti frá dauðastund og þar til hinn látni er kominn í gröfina. Fyrst ber að nefna aðstandendur, starfsfólk sjúkrahúss eða heilbrigðisstofnunar og prest og svo starfsfólk útfararþjónustu, líkhúss, bálstofu, skrifstofu kirkjugarðs og að lokum grafara.

Til að öll meðhöndlun og umsýsla hins látna gangi snurðulaust fyrir sig þurfa allir að sjá til þess að þeirra framlag sé eins og við á í hverju tilfelli fyrir sig. Auðvitað geta mistök átt sér stað á öllum sviðum þjóðlífsins og geta verið misalvarleg. Helst vill maður forðast að nefna mistök er varða meðhöndlun og umsýslu látinna en reynslan sýnir þó að nauðsynlegt er að vera vel á verði og minna sjálfan sig og aðra stöðugt á að vanda verk sín.

Miklu skiptir að gæta ítrustu nákvæmni við alla umsýslu er varða látna. Ekki er alltaf auðvelt að leiðrétta eða bæta úr mistökum eftir að þau hafa átt sér stað. Ef mistök verða við meðhöndlun einstaklings frá andláti til grafar eru þau yfirleitt litin alvarlegum augum og hafa oftast en ekki óþægilegar afleiðingar, bæði hvað varðar virðingu við hinn látna og aðstandendur hans. Hvert tilvik er einstakt á þann augljósa hátt að útför hvers og eins er aðeins einu sinni. Aðstandendur eru ekki eins og venjulegir viðskiptavinir sem geta fengið vöru bættu eða skipt. Mistök eins aðila geta haft áhrif á verk annarra sem koma að ferlinu og geta til dæmis gert það að verkum að þeirra störf byggjast á röngum upplýsingum og flokkast þá einnig sem mistök.

Einstaka sinnum uppgötvast mistök ekki fyrr en löngu eftir að þau hafa verið gerð. Dæmi um slíkt er greftrun í annað leiðisnúmer en tilgreint er í legstaðaskrá. Það uppgötvast e.t.v. ekki fyrr en grafa á í frátekið grafarstæði við hlið þess sem grafinn var upphaflega. Mistök sem þessi hafa átt sér stað en hægt var að „leiðrétta“ þau með því að grafa seinni aðilann í grafarstæðið sem upphaflega átti að grafa í og leiðrétta svo skráningu í legstaðaskrá. Eflaust má deila um það hversu alvarleg slíkt mistök eru ef aðstandendur hafa ekki áttað sig á víxluninni og gera því engar athugasemdir.

Ef mistök koma í ljós er mjög mikilvægt að þeir sem hlut eiga að máli geri grein fyrir þeim og upplýsi aðstandendur og aðra viðkomandi um það hvernig málum hefur verið háttað. Mikilvægt er að mistök séu rædd af hreinskilni á vinnustaðnum og á milli starfsgreina ef svo ber undir. Við slíka yfirferð má fyrirbyggja að mistök endurtaki sig. Eftir því sem við á skyldu þeir sem verða fyrir óþægindum fá afsökunarbeiðni eða bætur eftir því sem þörf krefur.

Almennt séð skiptir miklu máli að öll verk séu vel unnin bæði af nákvæmni og samvisskusemi. Þau þurfa að vinnast þannig að þau „þoli dagsljósið“ og ættu þá allir að geta gengið glaðir frá vel unnu verki.

*Þorgeir Adamsson*



Ljóm.: Kristján K. Linnet.

# Fréttir af aðalfundi 2010 og 2011

Aðalfundur KGSÍ **2010** var haldinn í **Hafnarfirði** laugardaginn 12. júní. Þátttaka á fundinum var mjög góð. Fimmtíu og fjórir fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og heildartala með mökum var rúmlega 90 manns. Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi sem tóku á umhirðu kirkjugarða (græni geirinn). Hjalti Jóhannsson formaður kirkjugarðsstjórnar í Hafnarfirði sagði frá sögu Kirkjugarðs Hafnarfjarðar og flutti skemmtilegt og fróðlegt erindi um Hafnfirðinga og ýmis sérkenni í hugum þeirra er varða áttir sem og orðatiltæki tengd áttum í Hafnarfirði.

Fundarmenn og makar fóru síðan í fylgd með Sigurbjörgu Karlsdóttur leiðsögumanni um Hafnarfjörð og skoðuðu Hellisgerði og Sigurbjörg sagði álfasögur með dulúðlegum svip. Síðan var Byggðasafn Hafnarfjarðar skoðað og þaðan var farið í Kirkjugarðinn í Hafnarfirði og garðurinn og húsakynni skoðuð. Fram voru bornar veitingar af besta tagi og þaðan fóru allir ánægðir eftir velheppnaða ferð.




Lágmynd af Guðmundi Einarssyni, smíði, er í Hellisgerði. Hann var einn af frumkvöðlunum og sá sem fyrstur kom með hugmyndina að garðinum. ÞR - 2010.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður í Turninum í Firði þar sem fundað var um daginn og síðan var þar góð samvera fram eftir kvöldi. Óhætt er að þakka Hafnfirðingum góðan undirbúning og frábærar móttökur.



Kirkjugarðurinn á Húsavík - ÞR 2008

Næsti aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands, aðalfundur **2011**, verður haldinn á **Húsavík** laugardaginn 28. maí. Á Norðurlandi hafa fundirnir tvívegis verið haldnir á Akureyri og er nú komið að því að halda hann utan Stór-Akureyrarsvæðisins og varð Húsavík fyrir valinu. Auðvelt er að ferðast til Húsavíkur frá öllum landshlutum, hvort heldur farið er akandi eða í flugi. Þess er vænst að félagar í KGSÍ fjölmenni norður og þar verði haldinn góður og gagnlegur aðalfundur í byrjun sumars 2011. Hægt er að fá upplýsingar um aðalfundinn á slóðinni [www.gardur.is/adalfundur2011](http://www.gardur.is/adalfundur2011)



Sigurbjörg Karlsdóttir sagði álfa- og huldufólkssögur. Hún setti upp rauða húfu til að falla betur að þeim sögum sem hún sagði. ÞR - 2010





## ÚTFARARÞJÓNUSTA KIRKJUGARÐA AKUREYRAR

Höfði, v/ Þórunnarstræti · 600 Akureyri  
Sími 461 4060 · Fax 461 4061

### Þjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zínkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum



Álskildir  
Koparskildir



Koparkrossar  
Álkrossar

Varanleg minning  
úr málm



Málmsteypan **HELLA**

Kaplahrauni 5 • Hafnarfirði • Sími: 565 1022  
hella@hella.is • www.hella.is



## REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frímarr Andrésson  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta



Hugufrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát  
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti  
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Gunnar Neegaard

# Trúarbrögð og útfararsíðir

Uppruni og inntak

## Trúarbrögð og útfararsíðir

Bók þessi er hvort tveggja í senn, leiðsögurit og fræðirit, sem veitir hnitmiðaða innsýn í útfararsíði, sögulegan uppruna og grundvallarhugmyndir helstu trúarbragða heimsins.

Bókin er nauðsynleg í starfi allra þeirra fjölmörgu sem koma að útförum. Visindasjóður Prestafélags Íslands greiðir bókina fyrir presta sem hafa aðild að sjóðnum. Bókin er til sölu á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og er hægt að panta hana með því að hringja í síma 585-2700 og tala við Gunnar, Ingunni eða Helgu.





# Ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá TM

Enn á ný mælist TM efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni, árlegri könnun sem mælir ánægju viðskiptavina Íslenskra fyrirtækja. Í 10 skipti af 12 hafa viðskiptavinir TM verið ánægðari en viðskiptavinir hinna tryggingafélaganna.\*

Starfsmenn og umboðsmenn TM hafa staðið sig frábærlega í því að rækta samband við viðskiptavini á undanförunum árum. Þessi viðurkenning er hvatning til þess að halda áfram á sömu braut.

\* Samkvæmt niðurstöðum könnunar Capacent á ánægju viðskiptavina Íslenskra fyrirtækja 1999–2010.



TM Síðumúla 24 // Sími 515 2000 // [tm@tm.is](mailto:tm@tm.is) // [www.tm.is](http://www.tm.is)

Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt

## Legsteinar



# SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 | 200 Kópavogur | Sími: 564 4566 | Fax: 534 5533 | E-mail: [sol@solsteinar.is](mailto:sol@solsteinar.is) | [www.solsteinar.is](http://www.solsteinar.is)

# Mikilvægt að huga að öryggismálum

Öryggisfyrirtækið Skaftfell var stofnað árið 1968 af Þorgeiri B. Skaftfell og var fyrst íslenskra fyrirtækja til að setja upp og selja ýmiss konar öryggisbúnað, m.a. fyrsta brunaviðvörðunarkerfið í Faxaskála í Reykjavík. Fyrirtækið hefur allt frá upphafi verið í fararbroddi í þessum málum og sérhæft sig á sviði brunavarna, aðgangsstýrikerfa, innbrotaviðvörðunarkerfa og eftirlitsmyndavéla ásamt ýmsum öðrum búnaði og lausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Starfsmenn Skaftfells eru allir menntaðir rafeindavirkjar, rafvirkjar, tölvu- og upplýsingatæknifræðingar með mikla reynslu. Bautasteinn náði tali af Jóni Ágústi Brynjólfssyni framkvæmdastjóra fyrirtækisins og spurði hann nánar út í starfsemina og þá ekki síst hvernig fyrirtækið hefur þjónað kirkjum og kirkjugörðum.

„Skaftfell hefur sett upp öryggiskerfi í nokkrum kirkjum og eftirlitsmyndavélar í kirkjugarða. Helst til að nefna eru Fossvogskirkja, Fella- og Hólakirkja, Langholtskirkja og þjónustuhús við bæði Hólavallakirkjugarð og Gufuneskirkjugarð. Mjög öflugt og fullkomið eftirlitsmyndavéla-kerfi er svo í Gufuneskirkjugarði. Auk þessara staða eru öryggiskerfi í fjölda kirkna víða um landið.“

-Hvernig nýtast slík kerfi í kirkjum og kirkjugörðum?

„Almennt séð eru öryggiskerfi vel til þess fallin að hafa

eftirlit með mannlásum byggingum. Auk þess geta aðgangsstýri- og myndavélaakerfi gefið mjög greinargóðar upplýsingar um umgengni á afmörkuðum svæðum ef vilji er fyrir því. Mjög einfalt mál er að koma fyrir eftirlitsmyndavélum í og við bæði kirkjur og kirkjugarða. Gott dæmi um svoleiðis er áður nefnt dæmi um Gufuneskirkjugarð. Reynslan af notkun slíkra kerfa er mjög góð.“

Jón Ágúst segir mikilvægt að koma sér upp góðu öryggiskerfi, ekki síður til eldvarna: „Gott öryggiskerfi er mikilvægt á flestum stöðum, ekki einungis til eftirlits og varnar innbrotum heldur er eldviðvörðun mikilvæg og er brunakerfi hluti af öryggiskerfum okkar. Eins og reynslan sýnir getur lítill neisti skapað mikið bál og því er mikilvægt að hafa góðan búnað sem greinir reyk og hita nógu tímalega. Innbrot geta valdið bæði eigna- og ekki síður tilfinningatjóni. Kirkjum hafa verið gefnir margir persónulegir munir og því getur orðið mikið tilfinningalegt tjón þegar svoleiðis munir hverfa, fyrir utan fjárhagslegt tjón.“

Óhætt er að taka undir þau orð og hvetja umsjónarmenn kirkna og kirkjugarða um landið til að skoða öryggismál sín vel. Hægt er að kynna sér þjónustu Skaftfells enn frekar á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni [www.skaftfell.com](http://www.skaftfell.com)



*Byggingar og svæði Kirkjugarða Reykjavíkur eru varin með öryggiskerfum og eftirlitsmyndavélum.*





**Skaftfell** ehf

Sundaborg 3, 104 RVK, Sími: 5889020

Approved  
Distribution Partner  
Building Technologies

**SIEMENS**



Sérhannað af Siemens fyrir heimili og lítil fyrirtæki, fjölhæft öryggiskerfi sem sameinar öryggi og þægindi í eitt kerfi, gerandi það að réttum kosti fyrir hvern sem leitar sér að góðri innbrotaviðvörðun, algeru öryggi og úrvals þægindum. Stílhreint og flott stjórnstöð og hnappaborð sem eru hjarta kerfisins, sem er hvort sem er vírað eða þráðlaust. SMS viðvaranaskilaboð, vatnslekanemum eða jafnvel ljósaþýring eru örfá dæmi um möguleikana sem Sintony 60 býður uppá, þannig að þú ert viss um að hvar sem þú ert, þá er þitt heimili eða fyrirtæki í öruggum höndum. Einfaldlega og áreiðanlega.

[www.siemens.com/intrusion](http://www.siemens.com/intrusion)

[www.skaftfell.com](http://www.skaftfell.com)

**SIEMENS**

# Einstök hönnun frá Bose



MA12 hátalarinn er ein af tækninýjungum Bose sem hönnuð er sérstaklega fyrir kirkjur og umhverfi þar sem útlit, afl og hljómgæði fara saman. Hátalarinn hefur einstaka hljóðdreifingu og kastdrægni sem tryggir jafnan hljóðstyrk og hljómgæði hvar sem setið er.

Sense hefur á að skipa starfsmönnum með áratugalanga reynslu í hönnun, ráðgjöf, uppsetningu og rekstri á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Samstarfsaðilar Sense eru margir af allra fremstu framleiðendum heims á sínu sviði. Má þar nefna Sony, Bose, Crestron, NEC, Panasonic og Audio Technica.

Þekking og reynsla starfsmanna okkar ásamt sterkum vörumerkjum gera Sense að góðum samstarfsaðila fyrir stór og smá verkefni.